

56. fundur skólanefndar 18. apríl 2008

Fundinn sátu: Sigurður Ingi Jóhannsson, Gunnar Þorgeirsson, Edda Antonsdóttir, Margeir Ingólfsson, Halldóra Þorvarðardóttir (varamaður Margrétar Einarsdóttur), Hilmar Jón Bragason, Rakel Pálmadóttir, Halldór Páll Halldórsson og Páll M. Skúlason

Dagskrá:

1. Niðurstöður ársreikninga 2007
2. Hvert skal stefna? – Mögulegar breytingar á námsframboði og námsbrautaskipulagi í ljósi nýs frumvarps. Umræður um stefnu og leiðir, horft til framtíðar.
3. Önnur mál

Form setti fund og bauð sérstaklega velkominn nýjan fulltrúa nemenda, Rakel Pálmadóttur.

Síðan gaf hann skólameistara orðið um fyrsta lið dagskrár.

1. Niðurstöður ársreikninga 2007

Skólameistari dreifði rekstrarreikningi ársins 2007 (fskj. 1) og fylgdi úr hlaði. Þar kemur fram að rekstrarafgangur ársins var 34.356.577, en það er betri niðurstaða en búist var við.

Skólanefnd lýsir ánægju sinni með þessa niðurstöðu og að með henni skuli skólinn vera mikið til laus við uppsafnaðan skuldahala undanfarinna ára.

2. Hvert skal stefna? – Mögulegar breytingar á námsframboði og námsbrautaskipulagi í ljósi nýs frumvarps. Umræður um stefnu og leiðir, horft til framtíðar.

Undir þessum lið fór fram opin umræða fundarfólks um stöðu skólans í nútíð og framtíð án þess að sérstök niðurstaða yrði, enda ekki markmiðið. Þetta var gert ekki síst í ljósi mögulegra breytinga á lögum um framhaldsskóla.

Í lok umræðunnar var ákveðið að boðað skuli til vinnufundar í stefnumótun, á haustmánuðum, með þeim aðilum sem hagsmuna hafa að gæta. Samþykkt var einnig að fela skólameistara að ráða sérfræðing til að halda utan um og stýra fundinum. Þá var skólameistara falið að undirbúa og boða fundinn.

3. Önnur mál

a. Skólameistari greindi frá því að hann hafi auglýst laus til umsóknar störf kennara í dönsku, félagsfræði og íslensku. Þá liggur nú fyrir að auglýsa þurfi eftir sögukennara.

b. Opin og óformleg umræða fór fram um ungt fólk og skólamál.

Fundi slitið kl. 11.40

Fundargerð ritaði Páll M. Skúlason